

Athugasemdir og úrbótatilögur við kennslu- og áfangakönnun frá vorönn 2010

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni ef jákvæður hluti, þeir sem eru sammála og frekar sammála, nær ekki 70%.

Sp. 3. Kennarinn hefur komið námsefninu vel til skila. Hér er jákvæður hluti 66,16%.

Sp. 4. Kennarinn hefur haldið athygli minni vel. Hér er jákvæður hluti 46,7%.

Sp. 5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg. Hér er jákvæður hluti 67,95%.

Sp. 12. Kennarinn geri námið áhugavert. Hér er jákvæður hluti 46,21%.

Sp. 15. Kennarinn ber hag minn fyrir brjósti. Hér er jákvæður hluti 68,56%.

Sp. 21. Verkefni áfangans eru áhugaverð. Hér er jákvæður hluti 38,46%.

Sp. 22. Kennaranum hefur tekist að virkja mig til starfa. Hér er jákvæður hluti 47,78%.

Sp. 23. Kennarinn hefur hvatt mig til sjálfstæðis í vinnubrögðum. Hér er jákvæður hluti 54,45%.

Sp. 24. Kennarinn sýnir fram á tilgang með náminu. Hér er jákvæður hluti 58,5%.

Sp. 27. Árangur minn verður líklega. Hér er jákvæður hluti 42,97%.

Sp. 28. Vinna mín í áfanganum hefur verið. Hér er jákvæður hluti 51,44%.

Sp.29. Ég er ánægð(ur) með áfangann. Hér er jákvæður hluti 58,15%.

Sp. 30. Ég er ánægð(ur) með kennsluna. Hér er jákvæður hluti 65,43%.

Úrbótatilögur matsnefndar við ofangreindar spurningar

1. Matsnefnd:

Kennarar bæti kennsluaðferðir t.d. að nota fjölbreytta kennsluhætti svo að allir nemendur tileinki sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.

Kennarahópur:

Við viljum hvetja alla kennara til að nýta sér krafta utanaðkomandi sérfræðings. Einnig teljum við mikilvægt að kennarar við skólann fái hagnýtt námskeið í fjölbreyttari kennsluaðferðum.

Kennarar vinna meira saman innan greinanna og þverfaglega.

Skiptast á hugmyndum um nýjungar í kennsluháttum með rýnihópum.

Kennarar nýti vefræna miðla til að fræðast um kennsluhætti.

Endurskoða lengd kennslustunda, t.d. að hver kennslustund verði 2x40 mín. Þannig myndi meiri samfella nást í vinnu nemenda og kennarar gætu leyft sér að leggja fyrir tímafrek og krefjandi verkefni

–Komi til framkvæmda á vorönn 2011.

Eftirfylgni:

Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn og úrvinnsla úr þeim tölulegu gögnum sem þar fást.

2. Matsnefnd:

Kennslan á að vera hvetjandi og uppbyggjandi þannig að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileikum.

Kennarahópur:

Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttari til að vekja áhuga nemenda.

Biðja um hugmyndir að kennsluháttum frá nemendum.

–Komi til framkvæmda á vorönn 2011.

Eftirfylgni: Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2011 og úrvinnsla úr þeim tölulegu gögnum sem þar fást.

3. Matsnefnd:

Kennarar leggi áherslu á nýsköpun á sem flestum sviðum og reyni þannig að gera námið áhugavekjandi, einnig geta kennarar tengt námsefnið nærumhverfi nemandans og þannig aukið skilning og virðingu fyrir nánasta umhverfi.

-Komi til framkvæmda haustönn 2011 í tengslum við útgáfu nýrrar námskrár.

Eftirfylgni: Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2012 og úrvinnsla úr þeim tölulegu gögnum sem þar fást.

Sp. 20. Kennarinn er sjaldan fjarverandi. Hér er jákvæður hluti 63,56%.

Úrbótatillaga við spurningu 20

Matsnefnd:

Ljóst er að fjarvistir vegna veikinda eru miklar hjá sumum kennurum, því þurfa menn að gera það sem í þeirra valdi er til heilsueflingar og bera ábyrgð á eigin heilsu.

Kennarahópur:

Virkja kennsluvefinn(kennsluvefur.is) enn betur.

Kennarar eigi tiltæk ljósrituð verkefni sem nemendur geta unnið í tíma þó kennari sé ekki á staðnum.

Gott að eiga verkefnabanka til að grípa í slíkum tilfellum. Kennari í eyðu eða stjórnendur gætu þá merkt við og sett nemendum fyrir. Með því móti fellur kennslustund ekki niður.

Heilsuefling starfsfólks, jafnvel læknisskoðun.

Ráða forfallakennara.

Komi til framkvæmda vorönn 2011.

Eftirfylgni:

Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2011 og úrvinnsla úr þeim tölulegu gögnum sem þar fást.

Viðverubókhalld starfsfólks.

Úrbótatillögur vegna brottfalls

Fall á haustönn 2009 var 5,15% og 5,15% skráninga í áfanga endaði með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf.

Fall á vorönn 2010 var 4,7% og 7,0% skráninga í áfanga endaði með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf nemendur mættu ekki í próf.

Matsnefnd:

Kennarar hugi sérstaklega að þeim nemendum sem eru í mestri brottfallshættu frá upphafi annar og styrki þá með aðstoð umsjónarkennara og námsráðgjafa, svo þeir haldi út viðkomandi önn og ljúki námi á viðeigandi hátt. Þar sem nemendahópar eru yfirleitt litlir í skólanum á kennslan að geta verið einstaklingsmiðuð og kennarar mæti mismunandi forsendum nemenda.

Kennarahópur:

Það þarf að bæta verkferla varðandi brottfallsnemendur. T.d. þegar kennari lætur umsjónarkennara vita af áhyggjum sínum af nemanda hvað svo.

Halda mætti betur utan um nemendur, sérstaklega nýnema.

Efla þyrfti námsráðgjöf og styrkja samband nemenda við umsjónarkennara.

Umsjónarkennarar kenna ekki öllum umsjónarnemendum sínum og þekkja í þeim tilfellum

stöðu þeirra illa. Of seint getur verið að ræða við nemendur eftir miðannarmat. E.t.v. væri ráðlegt að fjölga umsjónartímum aftur (hafa þá t.d. einu sinni í mánuði).

Í upphafi annar væri hægt að láta námsráðgjafa tala við þessa nemendur og halda utan um það með umhyggju í samvinnu við umsjónarkennara

Kennarar þyrftu að eiga greiðara aðgengi að upplýsingum um erfiðleika sem nemendur stríða við (greiningar o.fl.) Auka þyrfti umræðu um hvað gera skuli fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum.

Vantar fornámsáfangar í ensku og stærðfræði. Margir nemendur koma illa undirbúnir í kjarnaáföngum og þurfa að fá kennslu við hæfi. Reynslan sýnir að brottfall er mest í hægferðaráföngum á 1. (og 2.) ári.

Aukið og fjölbreyttara námsframboð myndi minnka brottfall.

Vantar list- og verknám. Flestir nemendur sem skipta úr FSH yfir í aðra skóla skrá sig í list- og verknám.

Kennsluhættir fjölbreyttari og nemendur fá ekki að taka of margar einingar í einu. Erum á réttri leið með það.

Komi til framkvæmda:

Þetta mál er þess eðlis að það leyfir enga bið. Samt er nauðsynlegt að rasa ekki um ráð fram og vanda til verka. Þannig að framkvæmd hefst umsvifalaust og ætti æ síðan að vera grunnþáttur í skólastarfinu.

Eftirfylgni: Brottfallstölur hvernar annar héðan í frá.